

2023

Fimmtudaginn 6. júní 1996.

Nr. 218/1995.

**Íslenska álfélagið hf.**

(Jakob Möller hrl.)

gegn

**Jóhannesi Gunnarssyni**

(Guðni Á. Haraldsson hrl.)

Vinnusamningur. Veikindalaun.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Arnljótur Björnsson og Bjarni K. Bjarnason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 22. júní 1995 að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Hér fyrir dómi var því lýst yfir af hálfu áfrýjanda, að ákvörðun héraðsdóms um upphafstíma dráttarvaxta væri ekki andmælt sérstaklega.

#### I.

Deiluefni máls þessa er, hvort stefndi hafi verið óvinnufær vegna veikinda eða nauðsynlegrar lækni meðferðar á tímabilinu frá 3. til 27. ágúst 1993, en þá var hann í meðferð í Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði. Aðila greinir hvorki á um fjárhæð kröfu stefnda né að 5. gr. laga nr. 19/1979 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla og ákvæði í kjarasamningi veiti rétt til launa í veikindaforföllum stefnda, ef fallist verður á, að hann hafi ekki verið fær um að vinna starf sitt hjá áfrýjanda á greindu tímabili.

#### II.

Hinn 15. júlí 1993 ritaði Björn Guðmundsson heilsugæslulæknir beiðni til Guðmundar Björnssonar, yfirlæknis í Heilsustofnun NLFÍ, og óskaði eftir því, að stefndi yrði tekinn til megrunar og

endurhæfingar. Í beiðninni kemur fram, að stefndi sé of þungur og þjáist af spennu og streitu. Þá getur Björn Guðmundsson þess, að stefndi leiti til sín aðallega vegna svima, sem staðið hafi í tvær vikur. Stafi sviminn væntanlega af slæmri vöðvabólgu í hálsi og herðum. Í beiðninni er einnig stuttlega vikið að fyrri sjúkrasögu stefnda frá því á árinu 1988, er hann gekkst undir brjósklossaðgerð. Í endurríti úr dagbók Björns 27. júlí 1993 segir, að stefnda hafi verið boðin vist á heilsuhælinu og honum sé eindregið ráðlagt að grípa fyrsta tækifæri til að komast til Hveragerðis, þar sem hann teljist nánast óvinnufær, þó að hann ætli að reyna að vinna einhverja daga í viðbót.

Vottorð Björns lækni Guðmundssonar 13. ágúst 1993 er mjög á sömu lund. Þar segir þó, að 27. júlí hafi stefndi verið orðinn óvinnufær, en hafi þraukað „einhverja daga í vinnu“. Heilsugæslulæknirinn ritar enn umsögn um stefnda 27. september 1993, þá í bréfi til landlæknis. Í því segir meðal annars, að stefnda hafi versnað frá 15. til 27. júlí 1993. Hafi því verið heppilegt, að búið hafi verið að biðja um vist í Hveragerði, því að annars hefði meðferð orðið að vera hvíld frá vinnu og sjúkráþjálfun annars staðar. Í lok bréfsins er ítrekað, að stefndi hafi verið óvinnufær 27. júlí 1993. Fyrir dómi bar heilsugæslulæknirinn, að stefndi hefði verið óvinnufær til allra starfa hjá áfrýjanda frá 3. til 27. ágúst 1993.

Í ódagsettu bréfi Jakobs Úlfarssonar, lækni við Heilsustofnun NLFÍ, kemur meðal annars fram, að stefndi hafi lést um liðlega 10 kg við meðferðina þar og sé að mestu laus við vöðvagikt við útskrift þaðan.

Leitað var álits landlæknis vegna deilna málsaðila, og kynnti hann sér veikindaferil stefnda með viðtölum við ofangreinda lækna og stefnda sjálfan. Af símbréfi, sem landlæknir sendi lögmanni áfrýjanda, má ráða, að hann telji stefnda hafa verið óvinnufæran til starfa hjá áfrýjanda á því tímabili, sem um er deilt.

Áfrýjanda hefur ekki tekist að hnekkja álitu Björns Guðmundssonar heilsugæslulækni eða öðrum lækni­fræðilegum gögnum, sem styrkja það. Verður því niðurstaða héraðsdóms staðfest um annað en málskostnað, en rétt þykir, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

2025

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður um annað en málskostnað.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

**Dómur Héraðsdóms Reykjaness 17. mars 1995.**

Ár 1995, föstudaginn 17. mars, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem háð er að Brekkugötu 2, Hafnarfirði, kveðinn upp dómur í málinu nr. E-1195/1994: Jóhannes Gunnarsson gegn Íslenska álfélaginu hf., sem dómtekið var 27. janúar sl. að loknum munnlegum málflutningi.

Stefnandi er Jóhannes Gunnarsson, Furugrund 70, Kópavogi, kt. 251160-2019, en stefndi Íslenska álfélagið hf., Straumsvík, Hafnarfirði, kt. 680466-0179.

I.

*Dómkröfur.*

1. Stefnandi gerir endanlega þær kröfur, að stefndi, Íslenska álfélagið hf., verði dæmdur til að greiða stefnanda 109.814 kr. ásamt dráttarvöxtum til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar samkv. gjaldskrá Löggarðs hf.

2. Stefndi krefst þess, að hann verði algjörlega sýknaður af kröfum stefnanda og sér dæmdur hæfilegur málskostnaður samkvæmt gjaldskrá Málflutningsstofu Guðmundar Péturssonar hrl. o. fl.

II.

*Málavextir.*

1. Málsatvik stefnanda.

Stefnandi, sem er starfsmaður í skautsmiðju stefnda, var fjarverandi vegna veikinda frá 3. ágúst til 27. ágúst 1993. Var hann þennan tíma í lækni meðferð á Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði. Þegar ljóst var, að hann yrði sendur til lækni meðferðar, tilkynnti hann yfirmanni sínum um það með sjö daga fyrirvara.

Stefnandi hefur ekki fengið veikindalaun greidd, svo sem hann á rétt á samkvæmt 5. kafla kjarasamnings ÍSALS. Hann hefur unnið hjá fyrirtækinu í meira en tíu ár og gegnir stöðu trúnaðarmanns. Hann framvísaði læknisvottorðum frá heilsugæslulækni, dags. 13. ágúst 1993, og frá lækni Heilsustofnunar NLFÍ í Hveragerði, dags. 27. ágúst 1993. Synjun fyrirtækisins hefur að sögn verið reist á umsögn trúnaðarlækni fyrirtækisins, en hún hefur aldrei verið lögð fram.

Vegna þessa máls var óskað eftir því við landlækni, að hann tjáði sig um læknisvottorð þau, sem framvísað var vegna málsins, þar sem fyrirtækið

vefengdi þau. Í bréfi, dags. 28. október 1993, frá landlækni telur hann, að læknisvottorðin séu gild, og vísar meðal annars í skýrslur þeirra lækna, sem vottorðin gáfu.

## 2. Málsatvik stefnda.

Stefnandi hefur unnið árum saman í skautsmiðju stefnda, ÍSALS, í Straumsvík, en jafnframt því að sinna störfum sínum þar er hann trúnaðarmaður samstarfsmanna í skautsmiðju. Hann mun einnig sinna aukastarfi við að reka ferðadiskótekið Ó-Dolly frá heimili sínu. Samkvæmt símaskrá er ferðadiskótekið með tvær símalínur að heimilisfangi stefnanda, það er kynningarsímsvara og fyrir upplýsingar og pantanir, sem jafnframt sýnist einkasími stefnanda. Af upplýsingum símaskrár sýnist mega ráða, að þessi starfsemi sé allumfangsmikil og hafi því getað átt þátt í ætlaðri vöðvabólgu stefnanda.

Sumarið 1993 var stefnandi í orlofi samfelld í fimm vikur, frá 7. júní til og með 9. júlí, svo og í launuðu leyfi mánudagana 12. og 19. júlí, dómskjal nr. 14. Samkvæmt dómskjali nr. 4 kom stefnandi til heilsugæslulæknis þess, sem dómskjalið gerði, 15. júlí 1993, tveimur vinnudögum eftir, að hann sneri aftur til vinnu eftir rúmlega fimm vikna orlof. Nokkru síðar tilkynnti hann yfirmanni sínum, að hann þyrfti að fara í lækni meðferð á Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði, dómskjal nr. 8. Er ekki dregið í efa, að þetta hafi stefnandi tilkynnt yfirmanni sínum sjö dögum áður en hann fór. Stefnandi mun hafa verið í Hveragerði frá 3. ágúst til 27. ágúst 1993, dómskjal nr. 10, en stefndi taldi hann í launalausú leyfi frá 3. ágúst til og með 30. ágúst 1993, dómskjal nr. 14.

Stefndi taldi, að stefnandi hefði ekki sýnt fram á óvinnufærni, meðan á fjarvist stóð, og voru honum því ekki greidd laun þann tíma. Var þessi ákvörðun studd 5. og 8. gr. laga nr. 19/1979 og greinum 5.1.1., 5.1.4. og 5.3. í kjarasamningi stefnda við hlutaðeigandi verkalýðsfélög, dómskjal nr. 15. Eftir sérstaka málaleitan aðaltrúnaðarmanns verkalýðsfélaganna hjá stefnda kannaði Andrés Sigvaldason, trúnaðarlæknir stefnda, sjúkrasögu stefnanda á umræddu tímabili og tjáði Sigurði Briem, starfsmannastjóra stefnda, munnlega þá niðurstöðu sína, að stefnandi hefði ekki verið óvinnufær, þegar hann fór til dvalar í Hveragerði. Þessa niðurstöðu staðfesti trúnaðarlæknirinn bréflaga 6. desember 1993, dómskjal nr. 13.

Eftir neitun stefnda á greiðslu kaups fyrir umræddan tíma leitaði aðaltrúnaðarmaður starfsmanna meðal annars til landlæknisembættisins, sem skrifaði af því tilefni bréf það, dagsett 28. október 1993, sem er á dómskjali nr. 5. Í bréfi þessu kemur fram í eftirskrift, að þrátt fyrir ítrekun hafi ekki

borist skýrsla trúnaðarlæknis ÍSALS. Samkvæmt upplýsingum Andrésar Sigvaldasonar, trúnaðarlæknis ÍSALS, fékk hann upphaflega tilmæli frá Ólafi Ólafssyni landlækni í síma um skýrslu. Skrifleg formleg beiðni fylgdi ekki. Í öðru símtali mun Andrés hafa óskað formlegrar beiðni. Hún mun hafa borist að minnsta kosti nokkru eftir dagsetningu bréfsins á dóm skjali nr. 5. Sendi hann landlæknisembættinu þá skýrslu sína. Andrés Sigvaldason læknir telur sér ekki heimilt að láta lögmanni stefnda þessi gögn í té. Af þeirri ástæðu var landlæknisembættinu skrifað bréf, dóm skjali nr. 16, þar sem þess er óskað með vísan til bréfs embættisins á dóm skjali nr. 5, að þessi gögn verði látin í té.

### III.

#### *Málsástæður og lagarök stefnanda.*

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 19/1979 skuli allt fastráðið verkafólk, ef það forfallast frá vinnu vegna sjúkdóma eða slysa og ef það hefur verið hjá sama atvinnurekanda í eitt ár samfelld, ekki missa neins í af launum sínum í einn mánuð. Stefnandi hafi unnið hjá fyrirtæki stefnda í tíu ár og gegni stöðu trúnaðarmanns. Hann eigi því samkvæmt 5. gr. ekki að missa neitt af launum sínum í einn mánuð. Því eigi hann rétt á greiðslu veikindalauna á tímabilinu 3. til 27. ágúst 1993.

Samkvæmt grein 5.1.4. í kjarasamningi ÍSALS sé ekki skylt að greiða starfsmanni laun fyrir veikinda- eða slysdaga, nema fyrir liggi læknisvottorð, sbr. gr. 5.3. Í þeirri grein segi, að ef starfsmaður veikist og geti þess vegna ekki sótt vinnu, skuli hann samdægurs tilkynna það yfirboðara sínum, sem ákveði, hvort læknisvottorðs sé krafist. Læknisvottorð skuli að jafnaði vera frá heimilislækni, en ÍSAL geti krafist vottorðs trúnaðarlæknis síns. Jóhannes hafi framvísað læknisvottorðum frá heilsugæslulækni, dags. 13. ágúst 1993, og frá lækni Heilsustofnunar NLFÍ í Hveragerði, dags. 27. ágúst 1993, eins og krafist sé í grein 5.1.4. Synjun fyrirtækisins um greiðslu veikindalauna hafi að sögn verið byggð á umsögn trúnaðarlæknis fyrirtækisins, en hún hafi aldrei verið lögð fram í málinu. Vegna málsins hafi verið óskað eftir því við landlækni, að hann tjáði sig um læknisvottorðin, þar sem fyrirtækið vefengdi þau. Í bréfi, dagsettu 28. október 1993, frá landlækni telji hann, að læknisvottorðin séu gild, og vísaði hann meðal annars til skýrslna þeirra lækna, sem vottorðin gáfu.

Samkvæmt grein 7.6. í kjarasamningi ÍSALS er starfsmanni skylt að boða forföll í tæka tíð, ef hann getur ekki komið til vinnu. Jóhannes Gunnarsson hafi tilkynnt yfirmanni sínum með sjö daga fyrirvara, að hann yrði sendur til læknismeðferðar. Telja verði, að það sé boðun í „tæka tíð“ samkvæmt grein 7.6. kjarasamningsins.

*Málsástæður og lagarök stefnda.*

Krafa stefnda um sýknu er á því reist, að stefnandi hafi ekki sýnt fram á það, að hann hafi verið óvinnufær vegna veikinda samkvæmt 8. gr. laga nr. 19/1979. Telja verði, að réttur samkvæmt 5. gr. sömu laga svo og gr. 5.1.1. í kjarasamningi stefnda og hlutaðeigandi verkalýðsfélaga, sé háður því, að launþegi sýni fram á óvinnufærni sína. Vottorð á dóm skjölum 4 og 10 svo og dóm skjal 5 sýni ekki fram á þetta. Dóm skjölum þessum sé því mótmælt sem röngum. Af öryggisástæðum telji stefndi þó rétt að skora á stefnanda að leggja fram sjúkraskýrslur frá Birni Guðmundssyni heilsugæslulækni og Heilsustofnun NLFÍ, sem eingöngu varða þetta mál.

Samkvæmt almennum reglum vinnuréttar sé greiðsla launa endurgjald fyrir vinnu. Ákvæði í lögum og samningum, sem feli í sér greiðslu launa, þótt vinna hafi ekki verið innt af hendi, séu því undantekningarákvæði. Óvinnufærni hafi verið skilgreind þannig, að ástand manns, andlegt eða líkamlegt, sé með þeim hætti, að það meini honum að vinna starf sitt. Við þetta þurfi að bæta, að ástand launþegans þurfi að vera þannig af sjúkdómsástæðum, að honum sé ókleift að vinna venjulegt starf sitt eða annað starf, sem af sanngirni megi ætlast til, að hann vinni í þágu atvinnurekanda, sem hann starfi hjá. Af þessu leiði, að á stefnanda hvíli sönnunarbyrði um, að hann hafi ekki á tímabilinu 3. ágúst til og með 27. ágúst 1993 getað sinnt störfum í þágu stefnda. Takist honum ekki sú sönnun, verði ekki talið, að hann hafi verið óvinnufær í skilningi laga nr. 19/1979 eða gr. 5.1.1. í kjarasamningi. Þessi skilningur stefnda sé meðal annars staðfestur í dómum Hæstaréttar, H. 1983, 635, og dómi Hæstaréttar 20. janúar 1994 í málinu nr. 321/1991; sá dómur fjallar að vísu um túlkun á 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985.

Vera kunni, að stefnandi hafi þjádst af vöðvabólgu og verið hollt fyrir hann að leita sér aukinnar hvíldar strax að loknu sumarleyfi, en það eitt út af fyrir sig veiti honum ekki rétt til greiðslu samkvæmt 5., samanber 8. gr. laga nr. 19/1979. En vísað er til tilvísunarvillu í lögum nr. 19/1979, sem eigi rót sína að rekja til laga nr. 16/1958.

Stefnandi er efnisrétt sinn eingöngu á 5. gr. laga nr. 19/1979. Samkvæmt því, sem að ofan er sagt, verður að skilja 5. gr. í samhengi við 8. gr. laganna. Rétturinn til greiðslu samkvæmt 5. gr. stofnist ekki, nema skilyrði 8. gr. um óvinnufærni sé fullnægt.

*Sönnunargögn.*

Í málinu hafa verið lagðir fram launaseðlar um laun stefnanda hjá stefnda um þetta leyti og læknisvottorð Björns Guðmundssonar heilsugæslulæknis um stefnanda, læknisvottorð Guðmundar Björnssonar, yfirlæknis Heilsustofnunar NLFÍ, og sjúkradagpeningavottorð Jakobs Úlfarssonar, læknis við sömu stofnun. Þá er bréf aðila eða umboðsmanna aðila til Ólafs Ólafssonar landlæknis og svarbréf hans, bréf trúnaðarlæknis stefnda til landlæknis um veikindi stefnanda, gögn um samskipti Björns heilsugæslulæknis og lækna við Heilsustofnun NLFÍ og svo útprentun úr dagbók Heilsugæslustöðvar Kópavogs um ástand stefnanda og sjúkdómslýsingu um hann, er hann leitaði þangað. Einnig liggur fyrir skýrsla Jakobs Úlfarssonar um ástand stefnanda, er hann kom á stofnun NLFÍ 3. ág. 1993, þar sem lýst er skoðun á stefnanda og fram kemur sjúkrasaga hans og hvaða meðferð hann fékk á stofnuninni. Þá eru í málinu kjarasamningar milli stefnda og stéttarfélags stefnanda og ýmis bréf og gögn um ágreiningsefnið.

Stefnandi gaf aðilaskýrslu hér fyrir dómi, og voru vitni í málinu þeir Björn Guðmundsson læknir, Brekkugerði 5, Reykjavík, kt. 030751-2489, Andrés Sigvaldason, trúnaðarlæknir stefnda, Kringlunni 13, Reykjavík, kt. 260648-2419, Gylfi Ingvarsson aðaltrúnaðarmaður, Garðavegi 5, Hafnarfirði, kt. 131144-2969, og Sigurður Briem, starfsmannastjóri hjá stefnda, Markarflöt 27, Garðabæ, kt. 250836-2449.

Vottorð Björns Guðmundssonar um stefnanda er svohljóðandi:

„Undirritaður sá sj. fyrst 15. júlí sl. Hann var þá nánast óvinnufær vegna svima og vöðvabólgu. Ljóst var, að hér þurfti að fara saman hvíld og endurhæfing, og var því stungið upp á Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði og reyndar lögð rík áhersla á það. Hinn 27. júlí kom sj. aftur og var nú snöggtum verri. Var hann hvattur til að hætta vinnu strax, en hann vildi halda áfram, þar til hann kæmist í Hveragerði, en þá var orðið ljóst, að mjög stutt væri í það. Sj. var því orðinn óvinnufær, en þraukaði í einhverja daga í vinnu.“

Í sjúkradagpeningavottorði Jakobs Úlfarssonar, læknis á Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði, kemur fram, að stefnandi var þar til lækni meðferðar frá 3. ágúst 1993 til 27. ágúst 1993 og að lækni rínn telur hann alveg óvinnufæran frá 3. ágúst til 30. ágúst. Jakob hafði skoðað stefnanda, er hann kom á hælið, og segir svo í skýrslu hans til Björns Guðmundssonar um skoðunina:

„Skoðun: 33 ára gamall maður. Hjarta- og lungnahlustun eðlileg. Talsverð eymsli í trapezius-vöðvum og hálsfestingum. Góðar hreyfingar í öxlum, baki, mjöðmum og hnjám. Hann er ör eftir discus-prolaps-aðgerð.“

Hæð	186,0 cm	
Þyngd	123,0 kg	
Blóðþrýstingur	160/70	
	Obesitas	278.0-
	Lumbago	724.2-
	Myalgia	729.1
Ráðl. hvíld	Ráðl. megrun	
Ráðl. mataræði	Hitalampi	
Sjúkranudd	Þrekþjálfun	
Slökun	Æfingar í laug × 5	
Göngur	Leikfimi	
HLFÍ-innskrift.		

JAK Gangur og meðferð: 32 ára gamall verkamaður, sem hefur verið hér í 24 daga til

GM almennrar endurhæfingar; fékk sjúkranudd, slökunaræfingar, æfingar í laug og þrekþjálfun. Hann léttist um 10,3 kg. Útskriftarþyngd er 111,7 kg. Hann er miklu betri í baki og er nú að mestu laus við vöðvagikt. Hann útskrifast nú heim til sín og fer aftur til vinnu hjá ÍSAL.“

Í læknisvottorði Guðmundar Björnssonar yfirlæknis, heilsulæknis NLFÍ í Hveragerði, sem dags. er 29. 11. 1994, kemur þetta fram í niðurlagi þess:

„Samantekt og álit: Jóhannes Gunnarsson leggst inn á Heilsustofnun í Hveragerði 3. 8. 1993, að mínu mati til endurhæfingar. Hann var með talsvert mikil óþægindi frá stoðkerfi, bæði baki, hálsi og herðum, auk þess sem hann var orðinn talsvert of þungur. Hér fór fram vel skipulögð, sérhæfð endurhæfing, en hluti hennar var aðstoð við að reyna að létta Jóhannes, sem að hluta til telst geta viðhaldið verkjavandamálum. Jóhannes hlaut hér allnokkurn bata.

Að mati undirritaðs eru yfirgnæfandi líkur á því, að Jóhannes hafi verið talinn óvinnufær að fullu starfi sínu hjá Íslenska álfélaginu við innlögn á Heilsustofnun. Ljóst er, að hann átti við allmörg heilsufarsvandamál að stríða, sem verulega hafa skert starfsorku hans. Við útskrift er ekki að sjá annað en að ástandið hafi lagast það mikið, að hann hafi orðið vinnufær, enda er slíkt tekið fram í sjúkraskrá.“

Trúnaðarlæknir stefnda mat það ekki svo, eftir að hann hafði skoðað vottorð lækna Björns Guðmundssonar og Jakobs Úlfarssonar, fengið afrit af sjúkraskrá Heilsugæslustöðvarinnar í Kópavogi og Heilsustofnunar NLFÍ og rætt við hlutaðeigandi lækna, að stefnandi hefði verið óvinnufær á greindu tímabili, er hann fór á heilsuhæli NLFÍ í Hveragerði, svo sem fram



kemur og í bréfi hans eða orðsendingu til Sigurðar Briem, starfsmanna-  
stjóra ÍSALS.

Á grundvelli þessa álits trúnaðarlæknanna voru stefnanda ekki greidd  
laun í veikindaforföllum, þrátt fyrir það að hann hefði lagt fram tilskilin  
læknisvottorð. Með því að stefndi vefengdi læknisvottorðið, leitaði stefn-  
andi með meðalgöngu aðaltrúnaðarmanns starfsmanna stefnda, formanns  
Verkamannafélagsins Hlífar og lögfræðings og framkvæmdastjóra ASÍ til  
landlæknis, og var þess óskað, að hann tjáði sig um læknisvottorð Björns  
Guðmundssonar, svo sem rakið var hér að framan.

Í bréfi landlæknis, dags. 28. okt. 1993, til aðaltrúnaðarmanns starfsmanna  
stefnda kemur fram, að embætti landlæknis hafði kannað veikindaferil  
stefnanda og taldi hann hafa gilt veikindavottorð. Skoðun embættisins  
byggðist meðal annars á skýrslum læknanna Björns Guðmundssonar og  
Jakobs Úlfarssonar, og kom fram, að þrátt fyrir ítrekun hefði ekki borist  
skýrsla frá trúnaðarlækni ÍSALS.

Hinn 8. nóvember 1993 sendi aðaltrúnaðarmaður starfsmanna ÍSALS,  
vitnið Gylfi Ingvarsson, starfsmannastjóra ÍSALS, vitninu Sigurði Briem,  
afrit af bréfi landlæknis og óskaði þess, að stefndi endurskoðaði afstöðu í  
málinu og greiddi stefnanda laun í veikindafjarveru sinni. Með orðsend-  
ingu, dags. 16. nóvember 1993, svarar starfsmannastjóri tilmælum aðaltrún-  
aðarmanns og taldi, að í vottorði eða bréfi landlæknis kæmi ekkert fram,  
sem staðfesti, að stefnandi hefði verið óvinnufær, er hann fór á heilsuhæli  
NLFÍ í Hveragerði, enda hefði hann verið við störf allt til þess tíma, og því  
væri ekkert komið fram, sem breytti fyrri afstöðu stefnda til málsins. Þá  
kom fram í orðsendingunni, að trúnaðarlæknir stefnda taldi sér ekki bera  
að skila skriflegri skýrslu til landlæknis, nema sér bærist formleg ósk um  
það. Í framhaldi þessa beindi landlæknir því bréflaga til trúnaðarlæknisins  
8. febrúar 1994, að hann kæmi með rökstuðning fyrir að synja stefnanda um  
læknisvottorð. Í svarbréfi trúnaðarlæknis til landlæknis, dags. 26. febrúar  
1994, kemur þetta fram:

„Ég hef kynnt mér vottorð læknanna Björns Guðmundssonar og Jakobs  
Úlfarssonar svo og afrit af sjúkraskýrslum Heilsugæslustöðvarinnar í Kópa-  
vogi og Heilsustofnunar NLFÍ, er lúta að ofangreindu tímabili. Ég hef einn-  
ig rætt við læknana og starfsmanninn J. G.

Að mjög vandlega athuguðu máli get ég ekki komist að annarri niður-  
stöðu en þeirri, að hér hafi verið um að ræða dvöl á Heilsustofnun til megr-  
unar og almennrar hressingar að ósk og frumkvæði J. G. sjálfs. Engar ein-  
hlítar og sannfærandi upplýsingar um óvinnufærni vegna sjúkdóms hafa  
komið fram. Verulegt ósamræmi er á milli þeirra kvartana, sem J. G. hefur

fram að færa, þegar hann falast eftir vistun á Heilsustofnun NLFÍ, og þess, sem kemur fram við skoðun læknis við innlögn og sjúkdómsgreiningu við útskrift.

Mér er mjög óljúft að vefengja vottorð hinna mætu lækna, en hlýt að álykta, að þau séu skrifuð vegna þrýstings og/eða ófullnægjandi upplýsinga frá J. G.“

Þá hefur og verið lagt fram í málinu bréf Björns Guðmundssonar til landlæknis, dags. 27. sept. 1993, sem er í megindráttum samhljóða vottorði hans frá 13. ág. 1993, en þó eru í bréfinu frekari upplýsingar en í vottorði greinir. Þar kemur fram, að er stefnandi kom til læknisins 15. júlí 1993, hefði hann verið búinn að ganga gegnum ýmislegt og verið undir mikilli spennu, fitnað mikið og verið kominn í 120 kg og óskað eftir að komast í Hveragerði. Hefði læknirinn þá sent beiðni um sjúkrahússvist fyrir stefnanda á heilsuhæli NLFÍ, þar sem talað var um, að hann yrði tekinn þar inn til megrunar og almennrar endurhæfingar.

Um komu stefnanda til læknisins 27. júlí 1993 segir þetta í bréfinu:

„Einkennin höfðu þá versnað verulega, bæði meiri svimi og spenna. J. G. hafði verið boðið pláss í Hveragerði, og þó að hann teldist við seinni komu hinn 27. nánast alveg óvinnufær, vildi hann fá að vinna nokkra daga í viðbót, en honum var eindregið ráðlagt að grípa fyrsta tækifæri til að komast í Hveragerði. Þannig má segja, að versnunin hafi orðið óvenjuhröð þessar tvær vikur og verið mjög heppilegt, að búíð var að biðja um pláss í Hveragerði, því að annars hefði meðferð orðið að vera hvíld frá vinnu og sjúkrahjálfun úti í bæ.“

Þannig er hér um að ræða tilfelli af svima samfara slæmri vöðvabólgu, og eru þetta einkenni, sem erfitt er að meta, en treysta verður orðum sjúklings. Taldist í seinna tilfelli óvinnufær, og svo vel vildi til, að búíð var að biðja um endurhæfingu.“

Í bréfi umboðsmanns stefnda til landlæknis, dags. 24. janúar sl., eru lagðar m. a. þessar spurningar fyrir landlækni:

„2. Í áðurgreindu bréfi þínu, dagsettu 28. október 1993, er sagt, að embættið hafi kannað veikindaferil Jóhannesar Gunnarssonar, kt. 251160-2019, og talið, að hann hafi gilt veikindavottorð. Hvað þýðir þetta orðalag, „gilt veikindavottorð“? Er munur á því og að Jóhannes hafi verið óvinnufær?“

3. Myndaði embættið sér skoðun á því, hvort Jóhannes Gunnarsson hefði verið óvinnufær til einhverra eða allra starfa hjá ÍSAL á tímabilinu frá 3. ágúst til 27. ágúst 1993?

4. Hafði embættið einhverjar upplýsingar um, hvers konar störfum Jóhannes sinnti hjá ÍSAL, aðrar en þá almennar upplýsingar um verkamanna-störf?

5. Í margnefndu bréfi er einnig sagt, að skoðun embættisins sé meðal annars byggð á skýrslum Björns Guðmundssonar læknis og skýrslu Jakobs Úlfarssonar, læknis á HNLFI. Á hvaða öðrum gögnum, ef einhverjum, var skoðun embættisins byggð?“

Í svarbréfi landlæknis, dags. 25. jan. sl., svarar hann 3. og 4. spurningu játandi og 2. spurningu þannig, að gilt veikindavottorð þýði, að stefnandi hafi ekki verið vinnufær. Sem svar við 5. spurningu er tekið fram, að skoðun embættisins sé byggð á viðtölum við stefnanda og skýrslum læknanna Björns Guðmundssonar, Jakobs Úlfarssonar og Guðmundar Björnssonar, yfirlæknis HNLFI.

Björn Guðmundsson læknir hefur borið vitni í málinu og staðfest vottorð sitt. Eftir skoðanir og viðtöl við stefnanda hafi verið ljóst, að ef hann hefði ekki farið í endurhæfingu, hefði byggst upp hjá honum meiri spenna og kvíði, sem fyrr eða síðar hefði endað með því, að hann hefði orðið að leggjast í rúmið. Spennan hefði verið ráðandi þáttur, sem leiði til vöðvabólgu og svima. Ástæða þessarar spennu hafi verið útistöður við vinnuveitanda stefnanda, þó að margir þættir væru þar samverkandi. Vitnið kvað ekki mega leggja of mikið upp úr því, þó að í beiðninni um sjúkrahússvist fyrir stefnanda væri talað um, að stefnandi óskaðist tekinn til megrunar og almennrar endurhæfingar, heldur yrði að hafa í huga, að slík beiðni til þriðja aðila, þ. e. NLFÍ í þessu tilviki, væri orðuð öðruvísi og í henni notuð falleg orð og hún ekki mælikvarði um óvinnufærni stefnanda, þar sem þar kæmi lítið fram um það, sem farið hefði á milli læknis og sjúklings, og væru fleiri samverkandi þættir en getið væri í beiðninni, sem taka bæri tillit til. Heilsuhæli NLFÍ í Hveragerði sé þekkt megrunar- og endurhæfingarstofnun, og að senda stefnanda þangað hafi ekki síst verið hugsað til að kippa honum út úr þeirri ólgu, sem var á vinnustað hans, en spenna og streita hafi verið að hluta orsök að veikindum hans. Hafi því m. a. verið talið, að til að ná bata yrði hann að láta af störfum, og þá verið talið, að nýta mætti heilsuhælið til að ráða bót á öðrum þáttum, sem væru samverkandi um veikindi stefnanda. Vitnið kvað þau úrræði, sem til greina kæmu, þegar fólk væri yfirspennt, með streitu og kvíða og að auki með vöðvabólgu og svima, vera t. d. að gefa því róandi lyf, setja það í sjúkrahjálfun og hvíld, og væri það þá oft tekið úr vinnu. Vitnið sagði, að er það hefði rætt við stefnanda um þessa möguleika, hefði hann stungið upp á að fara á heilsuhælið í Hveragerði, en hann hefði verið þar áður og þekkt stofnunina. Taldi vitnið líklegt, að þetta hefði verið í lok viðtalsins 15. júlí. Vitnið kvað hafa verið unnt með því að fara á heilsuhælið að samræma það, að stefnandi fengi sjúkrahjálfun og hyrfi frá vinnu um tíma, og það því í samráði við stefnanda ákveðið, að

hann færi þangað til lækninga og sækti um vist. Og er hann hefði farið þangað 27. júlí, hefði ástand hans versnað svo mikið, að talið hefði verið eðlilegt, að hann færi á hælið í Hveragerði fyrr en síðar. En honum hefði þá boðist þar pláss, fyrr en búist var við miðað við það, sem tilgreint er í innlagningarbeiðni, og það ráðið honum að grípa fyrsta tækifæri til að komast þangað.

Vitnið kvað ekki vera unnt að tímasetja óvinnufærni manns, sem væri haldinn kvíða, streitu og vöðvabólgu, með sama hætti og manns, sem lenti í slysi. Í síðara tilviki, t. d., ef maður fótbrotnaði, væri miðað við slysdag, en í fyrra tilviki væri þetta ekki alveg miðað við viku, heldur, ef fyrir lægi, að hlutaðeigandi yrði að leggjast inn á sjúkrahús eða stofnun til að hljóta bót á meinum sínum, væri viðmiðunardagur um óvinnufærni, þegar sjúklingur legðist inn, þar sem ekki væri unnt að segja, m. v. þessar aðstæður nákvæmlega, hvenær óvinnufærni hefði hafist. Borin var undir vitnið, dskj. nr. 18, skýrsla Jakobs Úlfarssonar læknis til vitnisins, og kvað það vafasamt, að læknir, sem vissi ekki meira en þar kæmi fram, gæti ályktað, að sjúklingur væri óvinnufær, en vitnið kvaðst hafa haft við meira að styðjast en þar kæmi fram.

Í vætti Andrésar Sigvaldasonar, trúnaðarlæknis stefnda, kom fram, að í beiðni stefnda hefði það látið í ljós álit sitt um það, hvort um óvinnufærni af völdum veikinda væri að ræða hjá stefnanda, og hefði það í því sambandi talað við þá lækna, sem komið hefðu að þessu máli, og kannað sjúkraskýrslur. Það hefði ekki skoðað stefnanda á þessu tímabili, en einhvern tíma áður. Það kvað verkstjóra stefnda ekki hafa haft samband við sig út af því, að stefnandi ætlaði í veikindafrí. Það kvaðst ekki vera fastur starfsmaður stefnda, heldur ráðgjafi hans um heilsufar starfsmanna. Það kvaðst vera lungnasérfræðingur og lyflæknir og hlutverk sitt sem trúnaðarlæknis verið að fylgjast með heilsufari starfsmanna stefnda með tilliti til hugsanlegra skaðlegra áhrifa, sem vinnuumhverfið gæti haft á þá, og svo að veita aðra læknisfræðilega ráðgjöf. Vitnið kvaðst meta það sem lögmæt forföll, ef fyrirsjáanlegt væri, að framhald vinnu myndi leiða til þess, að starfsmaður yrði óvinnufær, og vistun á sjúkrastofnun í því tilfelli félli undir það.

Vitninu var bent á, að fram lögð læknisvottorð bentu til þess, að veikindi stefnanda hefðu fyrr eða síðar leitt til þess, að hann yrði algjörlega óvinnufær. Það kveðst ekki hafa metið það þannig. Aðspurt um, hvað bæri á milli í áliti þess og landlæknis, vitnaði það til strangra reglna stefnda í þessum efnum. Það staðfesti bréf sitt til landlæknis, merkt dskj. nr. 28, og vísaði til sjúkraskýrslu heilsugæslunnar í Kópavogi um skoðun 15. júlí, en þá hefði fundist mjög lítið markvert og ekkert, sem styddi, að stefnandi hefði þá ver-

ið óvinnufær. Ekkert sérstakt hefði komið í ljós tveimur vikum síðar, en það mæli gegn vöðvabólgu, og fannst því sjúkraskýrslan ekki styðja kvartanir stefnanda við Björn Guðmundsson lækni og taldi aðalvandamál hans vera offitu, sbr. fyrstu sjúkdómsgreiningu. Vitnið taldi, að offita gæti í sumum tilvikum, ef hún væri sjúkleg, valdið óvinnufærni, en því væri ekki til að dreifa í þessu tilviki. Það kvaðst ekki hafa skoðað stefnanda, eftir að hann kom af hælínu, en rætt við hann. Vitnið kvaðst verða að ósk stefnda að taka starfsmenn hans til viðtals vegna mikilla fjarvista frá vinnu, þ. á m. hafi verið stefnandi.

Stefnandi kvaðst hafa hafið störf hjá stefnda í október 1981 og unnið þar frá þeim tíma. Hann taldi sig hafa verið óvinnufæran, er hann fór á heilsuhæli NLFÍ í Hveragerði í ágúst 1993, en þangað hefði hann farið til lækninga, þar sem hann hefði verið í slæmu ástandi, andlega og líkamlega, og ekki treyst sér til vinnu. Hann hefði látið verkstjóra sinn vita um ástand sitt og sagt honum, að hann hefði farið til læknis og þyrfti að fara á heilsuhæli NLFÍ í Hveragerði. Hann hefði áður rætt þetta við Bjarna Valdimar hjá stefnda, sem hefði mælt gegn því, að hann færi til Hveragerðis, og talið ýmsar aðrar leiðir til að ráða bót á þessu. Stefnandi taldi, að það hefði endað með því, að hann hefði lent í rúminu, ef hann hefði haldið áfram vinnu, vöðvabólguvarn hefðu verið það miklar, og svo hefði hann fengið mikil kvíða- og svimaköst, svo að slegið hefði út í fyrir sér og hann orðið að vera á sterkum verkjalyfjum.

Hann kvað þetta ástand einnig hafa verið, áður en hann fór í sumarleyfi, og ekki hafa batnað í sumarleyfinu, enda hefði mestur tími sinn farið í fundi á vinnustað út af því, að stefndi vildi taka af kaupauka, sem starfsmenn höfðu fengið greiddan. Hann kvað trúnaðarlækni enga skoðun hafa gert á sér, áður en hann fór á heilsuhælið, en kvaðst hafa tilkynnt um veikindaförföll með hæfilegum fyrirvara. Ekki hefði trúnaðarlæknir heldur skoðað sig eftir veruna á hælínu, en kallað sig þá til viðtals og skoðunar, en ekkert orðið af henni, þar sem stefnandi hefði viljað hafa yfirtrúnaðarmann starfsmanna viðstaddan, en því hefði trúnaðarlæknirinn neitað.

Stefnandi hafði fyrst verið öryggistrúnaðarmaður á vinnustaðnum í nokkur ár, en svo félagslegur trúnaðarmaður. Hann kvað töluvert hafa borið á sams konar veikindum hjá öðrum starfsmönnum skautsmiðju, og hefðu 3–4 af 17 starfsmönnum skautsmiðju farið vegna þeirra til lækninga á heilsuhælið í Hveragerði og fengið greidd laun á meðan. Hann kvaðst sem trúnaðarmaður hafa unnið að því að fá vinnuáðstöðu bættu, því að talið hefði verið, að starfsmenn væru að fá þessa stoðkerfa-sjúkdóma og vöðvabólgu vegna slæmrar vinnuáðstöðu. M. a. hefði Vinnueftirlit ríkisins verið

kallað til og sjúkráþjálfari og iðjuþjálfari þá komið og rætt verið um úrbætur. Hefði stefndi boðið upp á tíma í fræðslu um bakveiki eða bakstóla, en svo hefði átt að taka hvern vinnustað fyrir sig og komast að því, hvað ylli bakveikinni og vöðvabólgunni, en ekkert orðið úr því. Hann kvað um stefnubreytingu hafa verið að ræða hjá stefnda m. v. það, sem á undan hefði gengið, að hann skyldi ekki fá greidd laun í þessu veikindafríu sínu. Hann kvað hafa verið talsvert um veikindi hjá fyrirtækinu og stefndi þá gripið til þess ráðs að kalla starfsmenn fyrir og láta þá vita, að þeir væru of mikið frá vinnu að mati stefnda. Hefði starfsmannastjóri fyrst séð um þetta, en svo trúnaðarlæknir. Stefnandi hefði þá skrifað landlækni og fundið að því, að læknir ynni að því að benda mönnum á, að þeir væru of mikið veikir, frekar en að lækna þá og hjúkra þeim og benda á það, sem miður hefði farið á vinnustað, og hefur þetta bréf verið lagt fram í málinu. Hann kvað vafa um, hvort þessi afskipti sín hefðu haft neikvæð áhrif fyrir sig. Hann kvað síðar hafa komið í ljós, að hann þjáðist af kæfisvefni, þ. e. trufluðum svefni. Hann kvað enga ósk hafa komið fram vegna þessara veikinda sinna um það, að hann flyttist í annað starf, heldur hefði sér verið bent á, að ef hann væri of mikið frá vinnu, þyrfti að færa hann á annan vinnustað.

Í framburði vitnisins Gylfa Ingvarssonar, aðaltrúnaðarmanns starfsmanna stefnda, kom fram, að hann hefði haft afskipti af máli aðila, þegar stefnandi hefði látið sig vita um veikindi sín og athugasemdir yfirmanns um, að draga ætti af kaupum sínum vegna fjarveru í veikindum, og hefði hann grennslast um það við yfirmanninn, hvort hann vefengdi fjarveru stefnanda vegna veikinda. Hann hefði ekki viljað trúna, að þetta yrði gert, þó að það væri hugsanlegt. Vitnið hefði bent á, að þegar yrði haft samráð við trúnaðarlækni, sem ekki hefði verið gert, en stefnandi verið tekinn af launum. Það kvaðst strax hafa gert athugasemdir við þetta og óskað eftir læknisvottorði frá stefnanda. Því hefði verið komið til starfsmannastjóra stefnda, sem ætlaði að koma því til trúnaðarlæknis, en ekki hefði stefndi krafist þess, þegar stefnandi tilkynnti veikindaforföll sín. Vitnið kvað það hafa verið ríkjandi reglu hjá stefnda, að starfsmenn hans fengju greidd laun í veikindum, og væri þetta fyrsta dæmið, sem það hefði orðið vart við, að brugðið væri út af þeirri reglu, utan eitt tilvik, þar sem óregla var sannanleg orsök. Það kvað það samningsbundið, að mat lækna gildi um það, hvort starfsmenn væru með veikindaforföll, en trúnaðarlæknir gæti rætt við starfsmenn og hlutaðeigandi lækna. Einu spurningarnar, sem kæmu upp, væru, hvort menn í fjarveru væru veikir eða ekki, og ef vafi léki á því, væru þeir kallaðir til viðtals hjá trúnaðarlækni. Vitnið vísaði í stefnu stefnda gagnvart þeim, sem ættu við áfengisvandamál að stríða og færu í meðferð og héldu launum

sínum á meðan, og væri gefinn kostur á þessu, án þess að sýnt væri læknisvottorð. Vitnið taldi, að stefna stefnda gagnvart veikindaorlofi hefði breyst, þar gætti nú meira aðhalds, og væri það stefna fyrirtækisins að reyna að draga sem mest úr fjarveru starfsmanna. Fyrst hefðu þeir verið kallaðir fyrir hjá verkstjóra vegna veikindaforfalla, en við það hefðu verið gerðar athugasemdir, þar sem eðlilegra hefði þótt, að trúnaðarlæknir fjallaði um veikindi starfsmanna, sem væru trúnaðarmál. Vitnið kvað svo trúnaðarlækni hafa verið að kalla fólk í viðtöl, og hefði komið fram, að þetta væri hluti forvarnaraðgerða; væri reynt að þrýsta á um það að vera minna fjarverandi, og hefði borið meira á þessum viðtölum upp á síðkastið. Vitnið kvað staðið hafa verið við öll ákvæði kjarasamninga um veikindi stefnanda og tilskilið læknisvottorð, en fjarvera hans í veikindum samt ekki talin gild forföll samkv. munnlegri umsögn trúnaðarlæknis. Hefði læknisvottorð ekki legið fyrir frá honum, og því hefði verið farið á fund landlæknis til að fá upplýsingar hans um, hver væri réttarstaða stefnanda og réttmæti læknisvottorða um hann, og hann verið beðinn að skoða þessi mál og fá upplýsingar hjá hlutadeigandi læknum til að leggja mat á, hvort þarna hefðu verið gefin út rétt vottorð. Hefði svo komið skriflegt svar við þessu.

Vitnið kvað afstöðu stefnda til stefnanda hafa verið með öðrum hætti en til annarra starfsmanna, sem ættu við sams konar veikindi að stríða, og ætlaði það, að afskipti stefnanda sem öryggistrúnaðarmanns og svo félags-trúnaðarmanns af heilbrigðis- og hollustumálum hjá stefnda og bréfaskrif hans til Vinnueftirlitsins um læknisskoðun og öryggismál gætu valdið einhverju, og gyldi hann þá starfa sinna, en það taldi, að honum hefði verið sýnd meiri harka en öðrum starfsmönnum. Það kvað engar takmarkanir vera settar um það, hvaða störf menn mættu inna af hendi utan vinnutíma hjá stefnda, og engar kvartanir hafa borist til þess sem trúnaðarmanns um, að stefnandi skilaði ekki starfi sínu á fullnægjandi hátt vegna mikils álags við aðra vinnu.

Vitnið Sigurður Briem, starfsmannastjóri stefnda, kvað vafa hafa leikið á því, hvort fjarvist stefnanda frá 3.–27. ágúst 1993 væri réttmæt sem veikindi, og hefði málið verið borið undir það í síma. Ákveðið hefði verið í bili að líta á þetta sem ólaunað leyfi og bera þetta síðan undir trúnaðarlækni stefnda, sem gert hefði verið 10. ágúst. Niðurstaða hans hefði legið fyrir í september, og þótti þar ekki vera sýnt fram á óvinnufærni stefnanda og honum verið skýrt frá því, að þetta yrði áfram skoðað sem ólaunað leyfi. Vitnið kvað enga grundvallarákvörðun liggja fyrir um að greiða starfsmönnum stefnda ekki laun vegna dvalar þeirra á heilsuhæli NLFÍ í Hveragerði. Það kvað fjarveru stefnanda vegna veikinda hafa á tímabilinu frá

1991–1994 hafa verið umfram hið venjulega. Þá kvað það kröfur stefnda um endurskoðun á reglum um kaupauka hafa verið mikið deilumál á vinnustað stefnanda og hann verið óvenjulega spenntur út af þessu, m. v. aðra starfsmenn, en ekki, ef miðað væri við hann sjálfan.

## VI.

### *Niðurstöður réttarins.*

Stefnandi í málinu hafði unnið hjá stefnda í um tólf ár 3. ágúst 1993 og átti því samkv. kjarasamningi stefnda og Verkamannafélagsins Hlífar o. fl. rétt á föstum launum auk 100% af meðaltalsyfirvinnu í sjö mánuði í veikindaforföllum, sbr. gr. 5.1.1. í samningnum.

Í málinu er ekki ágreiningur um, að stefnandi hafi tilkynnt forföll í tæka tíð, svo sem mælt er fyrir í grein 7.6. í samningnum, né er af stefnda mótmælt tölulegum útreikningi á stefnufjárhæð m. v. laun stefnanda, en hins vegar gerði stefnandi í málflutningi kröfu um, að dráttarvextir yrðu miðaðir við 1. sept. 1993. Þeirri kröfu er mótmælt sem of seint fram kominni.

Aðalágreiningsefnið er því, hvort veikindi stefnanda hafi verið með þeim hætti, er hann fór á heilsuhæli NLFÍ í Hveragerði, að hann hafi verið óvinnufær eða að þau hefðu leitt til óvinnufærni, ef hann hefði þá ekki leit að lækninga.

Við mat á þessu verður fyrst að styðjast við lög nr. 19/1979 og svo kjarasamning stefnda og stéttarfélags stefnanda frá 4. apríl 1990. Í gögnum málsins er nokkuð vikið að því, að bakverkir og vöðvabólgur séu mjög algeng veikindi meðal starfsmanna í skautsmiðju ÍSALS, og látið að því liggja, að þetta sé atvinnusjúkdómur. Þetta er þó ekki lagt svo fyrir í málinu, að tekin verði afstaða til þess að þessu sinni.

Mat á því, hvaða veikindi eða sjúkdómar leiði til lögmætra forfalla frá vinnu, er mjög einstaklingsbundið. Veikindi eða sjúkdómar, sem leggja suma starfsmenn í rúmið, hrína vart á öðrum, og hlýtur um það að skipta töluverðu máli, hve sterkbyggðir menn eru og að þeir séu í góðri alhliða líkamsþjálfun, en hún vegur upp á móti veikindum, sem oft stafa af einhæfum störfum. Ekki liggur fyrir, að stefndi hafi stuðlað að því, að starfsmenn hans nytu líkamsþjálfunar til að koma í veg fyrir veikindi. Í innlagningsarbeiðni Björns Guðmundssonar lækni, dskj. nr. 19, kemur fram, að læknirinn telur stefnanda ekki hafa verið mikinn bógg síðustu árin eftir brjós-klossaðgerð 1988 og versnandi einkenni frá baki, en vegna þeirra lá hann á heilsuhæli NLFÍ í Hveragerði á árinu 1991 og náði þá verulegum bata vegna meðferðarinnar. Hefur stefnandi látið að því liggja, að vinnuástanda í skautsmiðjunni sé orsök bakveikinnar. Í ljósi þessarar sjúkrasögu verður



að skoða veikindi stefnanda, og er ekki ólíklegt, að stefnanda sé nokkuð hætt við vöðvabólgu og álíka veikindum vegna bakveikinnar, sbr. og vottorð Guðmundar Björnssonar lækni, sem talar um, að stefnandi hafi verið með talsvert mikil óþægindi frá stoðkerfi, bæði í baki, hálsi og herðum. Einnig verður að taka tillit til annarra þátta en vefrænna, sem hafa áhrif á heilsu hlutaðeigandi. Til að ganga nægjanlega úr skugga um, hvort maður sé sjúkur og á hvaða stigi sjúkdómur sé, þarf læknir að skoða manninn, ræða við hann og ná trúnaði hans, og að því loknu eða eftir sérhæfðar rannsóknir er hann í aðstöðu til að meta, með hvaða hætti lækna skuli sjúkling og hvort af lækni- og fræðilegum ástæðum sé nauðsynlegt, að sjúklingur hverfi frá vinnu, meðan á lækningu stendur. Það gildir um lækna Björn Guðmundsson og Jakob Úlfarsson, að að baki vottorða þeirra liggur skoðun á stefnanda, viðtöl við hann og trúnaðartraust hans. Trúnaðarlæknir stefnda skoðaði stefnanda ekki vegna veikindaforfalla hans, og ljóst er, að hann hafði ekki trúnað hans, svo mikilsvert sem það er fyrir lækni, er vill skilgreina ástand sjúklings. Læknirinn virðist draga fram úr sjúkraskýrslum einstaka þætti, sem hann leggur höfuðáherslu á, eins og offituvandamál stefnanda, en gerir lítið úr öðru án þess að hafa þar við að styðjast sérstakrar rannsóknir. Þá ályktar hann í bréfi sínu til landlækni, að Björn læknir hafi látið undan þrýstingi og ekki aflað sér nægjanlegra upplýsinga hjá stefnanda, en ekki verður betur séð en þetta sé tilhæfulaus og ósæmleg ályktun. Þá ber að líta til þess, að þetta er í bréfi til landlækni, en með vísun til 1. mgr. 11. gr. og 2. mgr. 18. gr. læknalaga nr. 53/1988, sbr. lög nr. 50/1990, mætti ætla, að trúnaðarlæknirinn væri að tilkynna landlækni lækni- mistök eða vanrækslu, sem hann ætlaðist til, að landlæknir tæki á, sbr. VII. kafla læknalaga. Ekki verður samt séð, að landlæknir hafi tekið undir þetta, en í bréfi hans til umboðsmanns stefnda, dags. 25. 1. 1990, sem vitnað var til hér að framan, kemur fram, að hann fellst á þá skoðun Björns lækni, að stefnandi hafi ekki verið vinnufær, er hann fór til lækninga á heilsuhæli NLFÍ í Hveragerði. Þá liggur fyrir, að með bréfi, dags. 16. mars 1993, kvartar stefnandi sem trúnaðarmaður í skautsmiðju ÍSALS til landlækni undan störfum trúnaðarlækni gagnvart starfsmönnum stefnda og telur hann kominn út fyrir verksvið sitt í starfi sínu. Ekki er upplýst, að þetta erindi stefnanda hafi fengið formlega afgreiðslu hjá landlækniembættinu, en trúnaðarlæknirinn lét engu að síður frá sér álit um forföll stefnanda, sem varð til þess, að hann fékk eigi greidd laun, þrátt fyrir það að hann hefði skilað lækni- vottorði, sem svo var metið gilt. Trúnaðarlæknirinn er opinber sýslunarmaður og háður eftirliti landlækni samkv. 18. gr. læknalaga, og verður að telja eðlilegt miðað við þessar aðstæður og þegar lítið er til þeirra van-

hæfisreglna, sem að jafnaði hefur verið fylgt í stjórnýslu, að trúnaðarlæknirinn hafi vikist undan að láta stefnda í té álit sitt um veikindi stefnanda.

Þegar allt er þannig virt í máli þessu, þykir ekkert það fram komið, sem hreki vottorð læknanna Björns Guðmundssonar og Jakobs Úlfarssonar, heldur fær álit læknanna um óvinnufærni stefnanda af völdum veikinda hans stoð í læknisvottorði Guðmundar Björnssonar yfirlæknis og umsögnunum landlæknis.

Stefnandi hafði tvívegis leitað læknis, er hann tilkynnti stefnda, að hann yrði frá vinnu vegna veikinda, og er ljóst af vætti Björns Guðmundssonar læknis hér að framan, að skilyrði þess, að stefnandi næði bata, var, að hann hyrfi af vinnustað og nyti hvíldar samfara sjúkraþjálfun eða lyfjameðferð eða þá að hann færi til lækninga á Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði, sem læknirinn taldi betri kost, þar sem hann fengi meðferð vegna offituvandamáls síns jafnframt því að njóta hvíldar og fjölpættar endurhæfingar. Samkv. því, sem fram kemur í vottorðum Guðmundar Björnssonar yfirlæknis og sjúkraskýrslu Jakobs Úlfarssonar, hafði stefnandi lagast mikið við meðferðina á hælunu; hann var miklu betri af bakveikinni og að mestu laus við vöðvabólgu eða vöðvagikt og hafði auk þess lést töluvert. Starfsorka hans hafði því aukist verulega, og verður að líta svo á, að vistunin á hælid hafi því verið stefnda í hag og hann getað orðið fyrir meira vinnutjóni, ef stefnandi hefði trassað að leita sér lækninga.

Það er mat réttarins, að þegar fyrir liggja úrskurður læknis um, að starfsmaður sé haldinn sjúkdómi, sem leiði fyrir eða síðar til óvinnufærni og ekki verði ráðin bót á, nema hann fari í lækni meðferð, sem geri það nauðsynlegt, að hann hverfi frá vinnu, meðan á meðferðinni stendur, verði að miða við upphafstíma lögmætra forfalla frá vinnu við það, hvenær aðstæður eru til þess, að hann fari á sjúkrastofnun, þ. e., hvenær þar er laust rúm, en ekki sé einblínt á það, hvenær hann hnígur niður á vinnustað, sem gæti haft í för með sér meira tjón fyrir bæði starfsmann og vinnuveitanda, og sjúklingur yrði fyrir bragðið að liggja óvinnufær heima og bíða eftir rúmi.

Stefnandi fór að ráði læknis eins fljótt til lækninga á heilsugæslustofnun og hann komst þar að, en reyndi jafnframt að vinna alveg fram að þeim tíma, jafnvel þó að hann væri talinn þá nær óvinnufær. Verður því ekki séð, að hann hafi reynt að svíkjust frá vinnu þrátt fyrir veikindin.

Í málinu verður því fallist á, að stefnandi hafi skv. 5. gr. laga nr. 19/1979 og vinnusamningi milli stefnda og stéttarfélags stefnanda frá 4. apríl 1990 átt rétt á fullum launum í framangreindum veikindaförföllum frá 3. ágúst til 27. ágúst 1993, og er krafa stefnanda tekin til greina. Ber stefnda að greiða stefnanda 109.814 kr. auk dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1984

frá stefnubirtingardegi 9. september 1994 til greiðsludags, en krafa hans um, að dráttarvextir miðuðust við 1. sept. 1993, kom ekki fram fyrir en við málflutning og er mótmælt af stefnda og ekki tekin til efnismeðferðar.

Eftir þessum málsúrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda 80.000 kr. í málskostnað, þar með talinn virðisaukaskattur.

Dóm þennan kvað upp Guðmundur L. Jóhannesson héraðsdómari.

#### D ó m s o r ð :

Stefndi, Íslenska álfélagið hf., greiði stefnanda, Jóhannesi Gunnarsyni, 109.814 kr. auk dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga frá 9. september 1994 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda í málskostnað 80.000 kr. að með töldum virðisaukaskatti.

---